



## Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 19. desember 2023 klukkan 17:00.

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Vigdís Matthíasdóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

### 1. Staðfesting á skipan stjórnar og prókúruhafa

Á aðalfundi Fáks 16. maí 2023 var eftirfarandi stjórn skipuð og er það staðfest í þessari fundargerð:

- Hjörtur Bergstað, kt. 151264-3529, formaður
- Þormóður Skorri Steingrímsson, kt. 050474-4379, varaformaður
- Ólöf Guðmundsdóttir, kt. 270465-4719, gjaldkeri
- Sigrún Valdimarsdóttir, kt. 110468-5479, meðstjórnandi
- Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, kt. 110783-4779, meðstjórnandi
- Vigdís Matthíasdóttir, kt. 110590-2889, meðstjórnandi
- Íva Rut Viðarsdóttir, kt. 260970-4379, meðstjórnandi

### 2. Afsögn gjaldkera

Gjaldkeri Fáks, Ólöf Guðmundsdóttir, hefur sagt sig úr stjórn Fáks. Stjórn þakkar henni fyrir hennar framlag til félagsins.

Upplýsa tveir stjórnarmenn að Ólöf hafi haft samband við þá í síma, fyrir úrsögn hennar, varðandi athugasemdir um bókhaldið og störf framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmenn óskað eftir að hún boðaði til fundar til að ræða þessi mál.

Gerð er tillaga um að framkvæmdastjóri, Einar Gíslason kt. 030482-5739, fái prókúruumboð meðan ekki er starfandi gjaldkeri og er það samþykkt af stjórn.

### 3. Bréf frá Sveini Ragnarssyni

Bréf er kynnt fyrir stjórn frá Sveini Ragnarssyni dagsett 14. desember 2023. Stjórn svarar bréfinu á eftirfarandi hátt:

Fákur hefur hingað til ekki sett sig upp á móti neinum framkvæmdum sem bæta aðstöðu félagsmanna með þeim fyrirvara um að framkvæmdir fái samþykki skipulagsyfirvalda í Reykjavík.

Sé framkvæmd leyfis skyld eins og virðist vera í þessu tilfelli er það á ábyrgð framkvæmdaraðila að sækja tilskilin leyfi til skipulagsyfirvalda.

**Fundi slitið 17:45**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**